

# Safnaðarbréf

haust 2011



Göngumessur hafa náð nokkrum vinsældum í Lágafellssókn undanfarin sumur. En veðrið hefur sitt að segja um þær eins og svo margt annað í daglegu lífi fólksins. 3. júlí s.l. var göngumessa farin frá Mosfellskirkju. Gangan var aðlöguð gönguhæfni hvers og eins, svo allir gæti tekið þátt. Í miðri messu hvessti og rak á hellidambu. Messugestir gerðu hlé og fundu sér skjól í kirkjunni þar sem haldið var áfram þar sem frá var horfið og stundinni lokið. – Svo var boðið upp á kirkjukaffi. Þá létti til og sólin kom fram svo göngunni var haldið áfram um grösugan Mosfellsdalinn. Þannig var guðspjónustan þann daginn.

Næsta starfsár  
undirbúið:

Skráð til ferminga  
vorið 2012  
bls. 6

Við viljum fá að  
stjórna hvernig og  
hvar við byggjum.

– Viðtal við Hilmar  
Sigurðsson  
bls. 4–5

Trúin er manningum  
eiginleg

– ritstjórinn kveður og  
þakkar fyrir sig  
bls. 2-3



## Minning

Fyrir hönd Lágafellssóknar viljum við með nokkrum orðum þakka Kristjáni Sigurbjarnarsyni sóknarnefndarmanni fyrir óeigingjarnt starf hans í þágu sóknarinnar sem hann rækti af ósérhlífni og virðingu. Kristján kvaddi þennan heim á heimili sínu 24. apríl síðast liðinn, 61 árs að aldri. Hann var byggingaverkfræðingur að mennt og starfaði sem slíkur. Naut sóknin góðs af þekkingu hans og reynslu við undirbúning fyrirhugaðrar kirkjubyggingar, en hann var formaður kirkjubyggingarnefndar. Hann var söngmaður góður og félagi í Kirkjukór Lágafellssóknar um margra ára skeið.

Eftirlifandi eiginkona Kristjáns er Ólöf Valdimarsdóttir og eignuðust þau þrjú börn.

Prestar safnaðarins, sóknarnefnd Lágafellssóknar, kórfélagar og starfsfólk allt votta eigin konu, fjölskyldu og öllum aðstandendum innilega samúð.

Það er með söknuði og eftirsjá að við kveðjum góðan mann og féлага, um leið og við þökkum honum fyrir samfylgdina og allt hans hlýja örlæti í orðum og gjörðum.

Blessuð sé minning hans.

## Trúin er manninum eiginleg segir Sigurður Hreiðar

*Sigurður Hreiðar hefur komið víða við á sínum starfsferli og einkum unnið sem blaðamaður, kennari og rithöfundur. Meðal annars hefur hann skrifað viðamikil rit um sögu bílsins á Íslandi. Sigurður er rötgróinn Mosfellingur og hefur tengst safnaðarstarfinu hér í sveit frá unga aldri. Hann hefur unnið við útgáfu Safnaðarbréfs Lágafellssóknar frá upphafi en lætur nú af því starfi. Það er því vel við hæfi að líta um öxl og ég bað hann fyrst um að segja mér frá sveitabragnum í Mosfellssveit á fyrri tíð.*

Sveitarbragurinn var með allt öðrum hætti þegar ég var að alast hér upp, segir Sigurður. Íbúar Mosfellshrepps voru þá aðeins nokkur hundruð og þekktust allir innbyrðis. Hefðbundinn sveitabúskapur með kýr og kindur var uppistaða mannlífsins. Greinarmunur vegna aldurs var ekki strangur, ég og fleiri fylgdu feðrum okkar á söngæfingar hjá karlakórnum Stefni og kunnum lögin til jafns við karlana, þótt við syngjum ekki með þeim. Svipað má segja um fleiri svið þar sem við unglingarnir vorum velkomnir og ekki látnir gjalda þess að vera bara krakkaálfar.

### Þú byrjaðir ungur að vinna fyrir kirkjuna. Hvernig bar það til?

Frá því ég man fyrst eftir mér var faðir minn, Hreiðar Gottskálksson, í sóknarnefnd. Því fylgdi að vera meðhjálpari við þriðju hverja kirkjuathöfn, á móti hinum tveimur nefndarmönnum. Og pabbi var drjúgur að hafa snáðann með sér þannig að ég lærði frá blautu barnsbeini að eiga erindi í kirkjuna.

Þegar fjölskyldan flutti að Hulduhólum, í næsta nágrenni við Lágafell, urðu foreldrar mínir kirkjuhaldarar, sáu um að þrifa kirkjuna og hafa hana tiltæka fyrir athafnir. Vatn var þar þá ekkert, hvorki kalt né heitt, og varð að hafa það meðferðis. Til þess voru mjólkurbrúsar heimilisins notaðir, 25-40 lítrar að stærð, ef ég man rétt. Þeir voru fluttir á hestvagni ef hann var tiltækur, annars báru pabbi og

mamma, Helga S. Björnsdóttir, brúsa bara á milli sín upp í kirkju. Strákurinn gat þá haldið á öðru sem þurfti að hafa meðferðis. Hann gat líka gert eitt og annað gagn við þriffin og var ungur látinn læra að tjónka við kolaofninn sem var eina upphitunin í guðshúsinu, vangæfur og vandmeðfarinn. Svo þróaðist þetta og um 10 ára aldur var farið að trúa mér fyrir klukknahtingum, ekki síst við jarðarfari þar sem hringingin er fremur einföld.

### Þú byrjaðir ungur að syngja með kirkjukórnum. Geturðu sagt mér frá því starfi?

Kirkjusöngur í Lágafellssókn hefur átt sínar hæðir og lægðir eins og flest annað. Skipulagður kór, sem stofnaður var á fjórða áratugnum, varð ekki langlífur en árið 1948 var stofnsettur sá kór sem starfað hefur óslitið síðan. Ég hef alltaf haft gaman af söng og var svo heppinn að fara eiginlega aldrei í mútur heldur færðist drengsröddin upp úr fermingu hægt og rólega niður í það sem sennilega má kalla „bass-bariton“. Eftir mitt ár 1955 var sem oftast fáskipað í bassanum í kirkjukórnum og pabbi, sem var annar aðalstofnenda kórsins, sagði að ég gæti vel skipað mér þar á bekk, sem ég gerði mér til ánægju þá og síðar. Var líklega langyngstur í kórnum í byrjun en ég man ekki annað en allir hinir kórfélagarnir væru jafnaldrar mínir. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær ég söng fyrst með kórnum við athöfn en mér til hægðarauka hef ég á síðari árum ákveðið að það hafi verið á jólnunum þetta ár – og þá á jóladag, því það var ekki fyrr en löngu síðar að messað var hér á aðfangadagskvöld.

### Þú áttir sæti í sóknarnefnd Lágafellssóknar í aldarfjórðung. Getur þú greint frá þeim breytingum sem hafa orðið á safnaðarstarfinu á þessu tímabili?

Ég sat í sóknarnefnd með góðu fólki 1978 til 2003. Breytingar á safnaðarstarfi á þessu tímabili urðu allmiklar og ekki síst með tilkomu safnaðarheimilisins sem tekið var í

notkun árið 1990, ef ég man rétt. Starfið á þessum tíma margefldist með ýmiskonar fastri þjónustu sem ekki var til áður, svo sem margvíslegu barna- og æskulýðsstarfi og umönnun eins og kærleiksþjónustu. Á tímabilinu voru ráðnir fastir starfsmenn safnaðarins svo sem framkvæmdastjóri og djákni sem hafa skipt verulegu máli fyrir starfsemi. – Annars má segja, ef við tökum líkingu úr tölvumáli, að ég hafi fremur skipt mér af vélbúnaðinum en hugbúnaðinum og frekar komið að mannvirkjum, viðhaldi þeirra og umsýslu, heldur en hinu beina kristilega starfi, enda tel ég að það sé í raun ekki í verkahring sóknarnefndanna.


### **Þú hefur ritstýrt Safnaðarbréfi Lágafellssóknar um alllangt skeið en lætur nú af störfum. Getur þú sagt mér aðeins frá þeirri útgáfu?**

Séra Birgir Ásgeirsson hóf útgáfu fjölritaðs safnaðarbréfs á sínum tíma. Fyrsta safnaðarbréfið, prentað í prentsmiðju, var hátíðarútgáfa sem kom út á 100 ára afmæli Lágafellskirkju. Að beiðni sóknarnefndar og séra Birgis sá ég um gerð þess. Nánast á sama tíma og það kom út urðu prestaskipti hér og séra Jón Þorsteinsson tók við af séra Birgi. Séra Jón hélt áfram fjölrituðu útgáfunni.

En sóknarboornunum fjölgaði jafnt og þétt og starf safnaðarins varð sífellt umsvifameira. Þar kom að fjölritað blað þótti of smátt í sniðum þannig að ákveðið var að fara með blaðið í prentsmiðju. Það varð mitt hlutverk að fylgja því úr hlaði þangað, líklega frá árinu 1996. Þetta þróaðist þó fljótlega í að ég vann blaðið að öllu leyti undir prentun, fyrst í stað með séra Jón bókstaflega mér við hlið. Hann gantaðist einhvern tímann með að ég hefði setið með hann á hnénu við gerð fyrstu blaðanna og það er í sjálfu sér ekki svo fjarstætt. Samstarfið við hann réði úrslitum um að ég hélt þessu áfram.

### **Var þetta unnið í sjálfboðavinnu?**

Já, framan af var þetta sjálfboðastarf hjá mér eins og önnur störf mín fyrir söfnuðinn en eftir að ég gerðist sjálfstætt starfandi og síðar eftirlaunaþegi hef ég fengið greitt fyrir verkið. Ég er nú tekinn nokkuð að eldast þó ég finni það ekki



svo mjög sjálfur en ég hef ákveðið að nú sé rétti tíminn til að láta staðar numið, meðan ég get staðið upp frá verkinu með sémilegu stolti.

### **Kirkjan hefur átt undir högg að sækja að undanfögnu. Sumsstaðar hefur til dæmis verið höggvið á tengsl kirkju og skólastarfs. Getur þú greint frá skoðun þinni í þeim efnum?**

Það er eins og sumum þyki flott og bera vott um menntaða hugsun að reka hnýflana í kirkjuna og það góða og innihaldsríka starf sem stundað er innan vébanda hennar. Fréttir af misgjörðum truflaðra manna sem starfað hafa innan kirkjunnar hafa orðið til þess að fólk hefur í fljótfærni kennt stofnuninni sem slíkri um og jafnvel þeirri kærleikstrú sem hún stendur fyrir. Eitt af því sem að mínu viti skilur kristna trú frá öðrum trúarbrögðum, sem eiga fulltrúa hér á landi, er kenningin um fyrirgefninguna. Sá boðskapur virðist hafa farið framhjá býsna mörgum.

### **Er trúin manningum eiginleg?**

Já, trúin er manningum eiginleg. Hann hefur frá örófi alda kallað trúna ýmsum nöfnum og gefið sér forsendur fyrir inntaki hennar. Sú

grein trúarbragða sem kölluð er kristni hefur reynst íslenskri menningu vel, aðlagast henni og aðlagð hana að sér. Ég efast oft um ýmislegt sem prédikað er og er til dæmis alls ekki sáttur við núverandi messuform að öllu leyti né heldur trúarbókina Biblíuna. En ég efast jafnvel enn meir um að önnur trúarbrögð – þar með talin svokölluð vantrú – henti íslenskri menningu betur, sagði Sigurður Hreiðar að lokum.

### **Bjarki Bjarnason tók viðtalið.**

Eins og fram kemur af þessu viðtali hef ég nú ákveðið að láta af umsjón Safnaðarbréfs Lágafellssóknar, sem ég hef annast undanfarin 15 ár eða svo.

Framan af var þetta ákveðin nýbreytni í safnaðarstarfi og tæki safnaðarstjórnar til að hafa samband við söfnuðinn. Breyttir tímar og tækni hafa orðið til að aðrar aðferðir eru hugsanlega heilladrýgri, svo sem heimasíða og Facebook. En meðan Safnaðarbréf Lágafellssóknar var og hét hafði ég ánægju af vinnslu þess og sú gleði sem ég hef haft af samskiptum við gott fólk gegnum verkefnið verður ekki frá mér tekin.

Bestu þakkir til þeirra sem hafa lagt mér lið, og til ykkar lesendanna.

*Sigurður Hreiðar*



artala legið fyrir. Þegar hún var svo kynnt Jöfnunarsjóði viðurkenndi þáverandi formaður sjóðsins ekki að frá sjóðnum lægi fyrir loforð um allt að 30% styrk af samþykktum byggingarkostnaði, á þeim forsendum að hann, formaðurinn, hefði ekki vitað að áætlunartalan yrði svo há sem raun bar vitni.

En það voru ekki við sem þjuggum þessa tölu til. Við létum undirbúa og teikna af fagmennsku það húsnæði sem við töldum skynsamlegt fyrir svo stórt og vaxandi bæjarfélag. Sá undirbúningur var ekki eitthvað sem hægt var að hrista fram úr erminni á einni viku. Hann tók þrjú ár. Það þarf að skipuleggja, fá byggingarland, fá niðurstöðu úr samkeppni og teikna samkvæmt þeirri tillögu sem verður ofan á. Þá fyrst er hægt að kynna tölur fyrir Biskupsstofu. Og þá er ekki boðlegt að segja við okkur að sú

# Við viljum fá að stjórna hvernig og hvar við byggjum

*Hilmar Sigurðsson sem Mosfell-ingum er að góðu kunnur lét á liðnu vori af starfi sóknarnefndarformanns Lágafellssóknar í kjölfar erfðra veikinda. Við settumst saman með segulbandstæki á milli okkar einn blíðviðrismorguninn á dög-unum og ég spurði hann út í þann tíma sem hann gegndi formennsku safnaðarins hér.*

Upprunalega kom ég í sóknarnefnd sem varaformaður meðan Ásgeir Eiríksson var formaður. Þegar hann flutti úr sókninni eftir skammán tíma varð ég nánast sjálfkrafa formaður, en var svo heppinn að fá menn eins og Kristján Sigurbjarnarson og Jón Þórð Jónsson mér við hlið. Ég hef líka notið einstaks stuðnings Hreiðars Arnar sem er afbragðs maður og mér mikil stytta og stoð. Það er mjög mikilvægt að hafa góða samstarfsaðila og ég verð að segja að fólkið sem ég hef starfað með hefur verið mjög samstarfshæft og við höfum alltaf getað talað saman um allt, bæði ljúft og leitt. Í svona starfi er enginn einn sem stjórnar. Það er hægt að vera verkstjóri en

menn verða að skipta með sér verkum og síðan þarf að samræma vilja og vinnubrögð. Verkefni eru ólík en samt sameiginleg. Það getur enginn leyft sér að vera einráður.

Það sem hæst ber þann tíma sem ég var í safnaðarstjórn var undirbúningur nýrrar kirkjubyggingar. Allur undirbúningur gekk í rauninni áfallalaust og var unnið af hreinum heiðarleika, metnaði og tæknikunnáttu þar sem hennar var þörf. Það sem pirrar mig mest eftir öll þessi ár er að í veginum skuli vera lítilmannleg atriði sem koma ekki beint við framkvæmdinni sem slíkri.

Þær grunnupplýsingar sem við höfðum frá Jöfnunarsjóði kirkna, sem er þar til bær nefnd á vegum Biskupsstofu, gengu út á að hann myndi styrkja framkvæmdina um allt að 30% af viðurkenndum kostnaði. En viðurkenndur kostnaður gat vitaskuld ekki legið fyrir fyrr en búið væri að reikna hann út, samkeppni hefði farið fram og lágmarksteikningar gerðar samkvæmt þeirri tillögu sem varð fyrir valinu, þá fyrst gat einhver áætluð kostnað-

prósentutala sem okkur var gefin í upphafi sé ekki gild af því útkoman er ekki í anda þeirra sem sitja hinum megin við borðið og hafa ekki kynnt sér málið.

Það vantar líka skilgreiningu á því hvað það er stór söfnuður sem er á bak við svona byggingu. Við erum ekki að tala um litla sveitakirkju með 100 manns í söfnuði. Þetta er kirkjubygging í sveitarfélagi sem er að nálgast 10 þúsund íbúa. Hér ekki tjaldað til einnar nætur, einhverju hrófað upp sem á að borgast á þremur til fimm árum. Það er bara ekki hægt. Svona bygging þjónar sínum tilgangi að minnsta kosti 100 ár og það er allt önnur tala til viðmiðunar í kostnaði heldur en þrjú ár. Þetta vildu þessir menn ekki skilja og við fengum ekki einu sinni tækifæri til að upplýsa þá. Fundur var boðaður af hálfu þessarar nefndar biskupsstofu og það var bara til að segja nei. Fundurinn stóð í 10 til 20 mínútur og engin tækifæri gefin, engar umræður, engin skynsamleg rök færð fyrir neituninni.

Það var búið að kynna fyrir þeim

að við værum með 120 ára gamla kirkju sem tæki 100-110 manns þegar vel væri í hana raðað. Á móti værum við að tala um hátt í 10 þúsund manna söfnuð og byggingu handa honum sem tæki kirkju, menningarhús og safnaðarheimili. Fulltrúar Jöfnunarsjóðs kirkna slógu það út af borðinu með einu handtaki. Með lítilsvirðingu og dónaskap. Það er ekki bara mín skoðun heldur okkar allra sem sátum þennan fund fyrir hönd okkar safnaðar.

Okkur var synjað umræðulaust um fjárveitingu úr Jöfnunarsjóði kirkna en í beinu framhaldi af því var myndarlegri fjárhæð úr honum ráðstafað austur á Hvolsvöll til að byggja þar nákvæmlega samkonar menningarhús eins og við ætluðum að byggja hér, með sameiginlegar þarfir kirkju og bæjarfélags í huga. Gagnvart okkur var ekki einu sinni spurt um eiginfjárhag safnaðarins sem er góður, það var ekki hlustað á okkur eða litið á það sem við lögðum fram. Hér í þessu viðtali er ekki vettvangur til að skýra þessi mál til hlítar en það er mikilvægt fyrir söfnuðinn að þessi saga sé til og að við látum ekki troða á okkur og sparka í okkur.

Þessu máli, sem ég hafði gert að mínu stóra verkefni frá því að ég tók að mér formennsku í sóknarnefnd og unnið í heilshugar ásamt mínu góða samstarfsfólki öll þessi ár, var bara sópað út af borðinu með einu handtaki af starfsmönnum Biskupsstofu. Niðurskurður í fjármálum er staðreynd þar sem annars staðar. En eitt er að henda málum út af borði og annað að óska eftir fresti á þeim, með það í huga að afgangi þau með skynsemi og rökum ef og þegar tækifæri gefast þar til síðar.

Við viljum fá að stjórna því, í þessu samfélagi og í samvinnu við sveitarfélagið, hvernig og hvar á að byggja kirkju. Ekki láta menn í öðrum byggðarlögum ákveða að einhver hlöðubygging einhvers staðar uppi á hól geti orðið kirkja, eins og við höfum heyrt. Við höfum meiri metnað en svo. Við erum búin að halda samkeppni meðal þekktra arkitekta, við erum búin að skrifa undir samninga við bæjarstjórn um metnaðarfullt hús sem tekur tillit til þarfa alls samfélagsins, ekki bara kirkjunnar,

og allt gert í fullu samráði hér innanbæjar. Öllu sópað út í horn af starfsmönnum biskupsstofu sem, að þeirra eigin sögn, eiga einfaldlega að taka þátt í allt að 30% af samþykktum kostnaði við framkvæmdina.

*Svo veiktist þú og þá þurfti að finna eftirmann þinn. Þú komst sjálfur að því verki.*

Eftirmaður minn er Runólfur Smári Steinþórsson. Hann hefur búið hér í sveitarfélaginu í 13 ár og verið virkur hér í ýmsum félagsmálum. Hann er prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og hefur einnig unnið fyrir biskupsstofu, við undirbúning og úttekt á ýmsum verkefnum þar og hefur sýnt kirkjulegu starfi mikinn áhuga, þótt hann sé ekki daglegur gestur í athöfnum í kirkjunni hér, frekar en bara ég og margir fleiri.

Ég ræddi við hann hvort hann væri tilbúinn að taka formennsku sóknarnefndar hér að sér, á þeim forsendum að hann væri vel inni í ýmsum kirkjunnar málum og hefði þar að auki starfað hjá okkur áður í undirbúningsnefnd fjármála kirkjubyggingar hér og hefur sem slíkur kynnt sér öll gögn sóknarnefndar og byggingarnefndar þar um. Ég vissi líka að enginn innan sóknarnefndar var tilbúinn að taka að sér formennsku hennar. Ég tók það fram við hann eins og ég hef gert við alla að störf í sóknarnefnd eru eingöngu sjálfboðavinna, fyrir þau fær enginn

maður greitt. Þeir sem koma þar til starfa gera það af fúsum og frjálsum vilja, ekki keyptir til þess eða þvingaðir. Runólfur kynnti sér málið vel og niðurstaðan varð sú að hann var fús að taka málið að sér á þeim forsendum sem fyrir lágu.

Samhliða Runólfi Smára kom annar nýr maður inn í sóknarnefnd á síðasta aðalfundi, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. Hann hefur eins og Runólfur Smári sinnt ýmsum verkefnum innan kirkjunnar. Hann hefur líka sinnt nefndarstörfum hjá okkur. Hann er dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands svo þeir þekkjast vel, hann og Runólfur. Þannig má með vissum hætti segja að þetta sér veruleg endurnýjun fyrir sóknarnefnd okkar og ég get ekki séð annað en búast megi við að það efli hana og styrki að fá þessa tvo menn til samstarfs við okkar gömlu, góðu og þrautreyndu sóknarnefndarmenn, sem sumir hverjir eiga þar áratuga reynslu að baki.

Með þetta fólk við stjórnvölinn óttast ég ekki að hvíkað verði frá markinu, að hér verði byggð glæsileg og skynsamleg bygging sem þjónar öllum í okkar bæjarfélagi, kirkjusöfnuðinum sem slíkum, listasamfélaginu og annarri menningu. Við sættum okkur ekki við einhverja hallærislausn bara til að þóknast þeim sem ekki hafa og ekki vilja hafa skilning á okkar þörfum og metnaði.

**Sigurður Hreiðar tók viðtalið.**

## Runólfur Smári formaður sóknarnefndar

Nýr formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar er prófessor Runólfur Smári Steinþórsson.

Hann fæddist 1959 í Hafnarfirði en ólst upp á Hellu á Rangárvöllum. Að loknu stúdentsprófi frá Laugarvatni og cand. oecon-prófi í viðskiptafræði frá HÍ lauk hann MSc-prófi og Ph.D-prófi í viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Frá 1993 hefur hann stundað kennslu við HÍ.

Runólfur Smári hefur átt heima ásamt fjölskyldu sinni í Mosfellsbæ frá 1998. Kona hans er Þórunn Björg Guðmundsdóttir, innanhússarkitekt að mennt en starfar nú sem verkefnastjóri í HÍ. Börn þeirra eru fjögur.



Runólfur Smári á þrjú systkini. Tvö þeirra hafa einnig valið sér búsetu í Mosfellsbæ.



## Kyrrðardagur að hausti í Mosfellskirkju

laugardaginn 8. október kl. 10-16.

Íhugun – kyrrð – útivera. Allir velkomnir!

Upplýsingar og skráning:

sr.Ragnheiður Jónsdóttir, s. 8699882

Sjá einnig: Kristin íhugun á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)

## Prjónasamverur

í Safnaðarheimili Lágafellssóknar  
kl. 20.00 – 22.00 2011 – 2012

1.september / Almennt

15.september / Almennt

29.september / Rússneskt hekl,  
upprifjun og kennsla.

Leiðbeinandi Gróa Karlsdóttir

13.október / Almennt

27.október Heimsókn Kjalnesinga

10.nóvember / Almennt

24.nóvember / Möbius prjónasjal.

Leiðbeinandi Lovísa Sigfúsdóttir

8.desember / Léttur "julefrokost" = samvinna

5.janúar 2011 Gleðilegt nýtt prjónaár /Almennt

19.janúar / Gata-sjalapryjón.

Leiðbeinandi Arnleif Alfreðsdóttir

2.febrúar / Almennt

16.febrúar / Almennt

1.mars / Gestaheimsókn

15.mars / Almennt

29.mars / Heimsókn á prjónasamveru

12.apríl / Almennt

26.apríl / Almennt

10.maí / Matur, glens og gaman

24.maí, 7.júní og 21.júní / Almennt

S U M A R F R Í

## Skráð til ferminga vorið 2012

Skráning fermingarbarna 2012 hófst 8. maí 2011 með léttmessu í Lágafellsskóla. Tónlistarfólk, fermingarbörn vorsins 2011 og ungt fólk úr æskulýðsstarfi kirkjunnar hafði veg og vanda af guðsþjónustunni í samstarfi við presta og starfsfólk kirkjunnar.

Margir skráðu barnið sitt og dreifingin á fermingarathafnir er jöfn, það sem komið er. Þeir sem hafa ekki náð að skrá barnið sitt og valið fermingardag geta snúið sér til sóknarprestis, sr. Ragnheiðar Jónsdóttur í síma 5667113 eða á netfang: [ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is](mailto:ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is)

Fermingarundirbúningurinn hefst á þessu hausti með fjölskylduguðsþjónustu í Lágafellskirkju 4. september kl. 11.00 Kirkjukaffi í safnaðarheimilinu að Þverholti 3 að athöfn lokinni. Hvetjum við foreldra og fermingarbörn vorsins 2012 sérstaklega til að mæta.

Fermingarfræðslan fer fram í safnaðarheimilinu og hefst í vikunni 11.–16. september. Börnunum verður raðað í tíma eftir skóla og bekk. Nánari upplýsingar um niðurröðun í tíma munu m.a. birtast á heimasíðu kirkjunnar, [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is).

Gleði og eftirvænting ríkir meðal presta og starfsfólks safnaðarins að mæta fermingarbörnum næsta vors og eiga með þeim og foreldrum þeirra samfylgd á þessu mikilvæga ári í lífi barnanna. Allir velkomnir til þátttöku.

Hér að neðan má sjá lista yfir fermingarathafnir næstkomandi vors, 2012:

25.mars Lágafell kl. 10.30  
25.mars Lágafell kl. 13.30  
1.apríl Lágafell kl.10.30  
1.apríl Lágafell kl. 13.30  
5.apríl Lágafell kl. 10.30  
5.apríl Lágafell kl. 13.30

15.apríl Lágafell kl. 10.30  
15.apríl Lágafell kl. 13.30  
22.apríl Lágafell kl. 10.30  
22.apríl Mosfell kl. 13.30

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir sóknarprestur  
Sr. Skirnir Garðarsson prestur



## Gróska í tónlistinni

Tónlistarlíf innan kirkjunnar verður öflugt á komandi vetri eins og vanalega. Nefna má þetta:

– 28. ágúst flytur kirkjukórinn létt lög auk sálmasöngs, hluta úr dagskrá sem hann flytur síðar sama dag í íþróttahúsinu.

– Í september og október munu nemendur úr Listakóla Mosfellsbæjar spila í messunum.

– Í kvöldmessu 18. september kemur Birgir Haraldsson og syngur ásamt Kirkjukór Lágafellssóknar.

– 9. október kemur barnakór í heimsókn.

– 30. október syngur kirkjukórinn m.a. sálma eftir Hallgrím Pétursson.

– 6. nóvember kemur barnakór í heimsókn á Allraheilagramessu.

– 13. nóvember flytur kirkjukórinn afríska trúartónlist.

– 20. nóvember verða árlegir styrktartónleikar kórsins, Jólaljós, í Guðríðarkirkju kl 16.00.

– 27. nóvember, barnakór kemur í messu.

Kirkjukór Lágafellssóknar hefur æfingar á þriðjudagskvöldum kl. 19.30 en leitast er við að skipta hópnum til söngs við hefðbundnar athafnir.

Ástæða er til að benda á að not er fyrir fleiri söngmenn í flestum röddum kirkjukórsins.

## Fastir liðir í starfi Mosfellsprestakalls

### Foreldramorgnar

Í lok sumars hefjast Foreldramorgnar í Safnaðarheimili Lágafellssóknar. Á Foreldramorgnum býður Lágafellssókn foreldrum og ungum börnum þeirra að hittast í Safnaðarheimilinu og ræða saman, skiptast á skoðunum, deila reynslu sinni af barnauppleidi og fræðast um ýmis málefni. Í Safnaðarheimilinu er góð aðstaða fyrir börn og barnavagna og er leitast við að fá utanaðkomandi aðila til að fræða hópinn einu sinni í mánuði. Léttar veitingar í boði. Foreldramorgnar eru á miðvikudögum milli 10.00 og 12.00 frá og með 24. ágúst. Hægt er að nálgast dagskrá Foreldramorgna á heimasíðu Lágafellssóknar.

### Kirkjukrakkar

Kirkjukrakkar eru hluti af barna og æskulýðsstarfi Lágafellssóknar og eru í samstarfi við frístundasel Lágafells- og Vamárskóla. Kirkjukrakkar er kristlegt starf fyrir 6–7 ára börn þar sem þau fræðast um kristna trú og kærleika, syngja og leika sér. Það sem haft er að leiðarljósi í fræðslunni er að kynna innihald kristinnar trúar fyrir börnunum og dýpka þau áhrif sem trúin getur haft á trúar- og siðgæðisþroska þeirra. Börnin læra bænir, heyra helstu sögur Biblíunnar og velta fyrir sér siðferðisboðskapnum sem í þeim býr. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum

skólanna og Lágafellssóknar. Einnig hjá Arndis.Linn@kirkjan.is

### Fyrirbænastrundir

Fyrirbænastrundir eru í Lágafellskirkju á þriðjudögum kl. 19.30, skrudhúsmegin.

Í Jakobsbréfi 5:16 segir „Kröftug bæn réttláts manns megnar mikið.“ Það höfum við sannreynt á fyrirbænastrundunum.

Guð elskar alla jafnt og hann elskar þig í þínum kringumstæðum.

Umsjón: Þórdís Ásgeirsdóttir

### Gleðigjafamir TTT (töff, töfrandi og taktfast)

TTT er félagsskapur fyrir öll tíu til tólf ára börn sem langar til að eiga skemmtilegan vetur saman. TTT fundirnir verða á mánudögum kl. 16.00. Þar skemmtum við okkur við margskonar verkefni. Allir krakkar velkomnir. Fyrsti fundur þessa hóps verður 5. september. Fundarstaður: Safnaðarheimilið Þverholti 3, 3. hæð

### Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn er alla sunnudaga yfir vetrartímam klukkan 13.00 í Lágafellskirkju. Þar er komið saman, sungið og leikið og eru foreldrar hvattir til þátttöku. Börnin fá verkefnablöð.

Þegar heim er komið er gott að foreldrar aðstoði börn sín við að vinna verkefni. Umsjón með sunnudagaskólanum annast Hreiðar Örn ásamt organista. Fyrsta samveran verður sunnudaginn 4. september.

### SOUND

– æskulýðsstarf

Lágafellskirkju

– ud KFUM

og KFUK

Sound er félagsskapur fyrir alla unglunga í 8. 9. og 10. bekk. Mikið er um skemmtilegar ferðir ásamt líflegum spjallfundum. Fundirnir verða á sunnudögum klukkan 17.00 og 20.00, eftir því hvaða fundarefni verður á hverjum tíma. Í október er stefnan tekin á Landsmót æskulýðsfélaga á Selfossi. Umsjón Hreiðar Örn.

### Kristin íhugun

Kristin íhugun – Centering Prayer – er í Lágafellskirkju á miðvikudögum kl. 17.30 – 18.30.

Byrjendur mæti kl.17.00 til að fá kynningu á grundvallar hugmyndum og áherslum íhugunarinnar.

Hópurinn er opin – allir velkomnir! Nánari upplýsingar veitir Arndís Linn í síma 5667113.

**Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028**

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Sínaviðtalstími hennar er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Fax: 566 7223, farsími 869 9882. Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Skrifstofa sr. Skírnis Gardarssonar er á annarri hæð. Sínaviðtalstími hans er mánudaga til fimmtudaga kl 12-13. Farsími: 823 8274, netfang: skirnir.gardarsson@kirkjan.is

Skrifstofa Fjólú Haraldsdóttur djákna er á annarri hæð. Viðtalstími er eftir samkomulagi. Farsími: 861 3565, netfang fjolaha@visir.is

Heimasími Arnhildar Valgarðsdóttur organista er: 566 6796. Farsími: 698 7154. Netfang: arnhildurv@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnars Zoëga Stefánssonar framkvæmdastjóra er á annarri hæð. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Meðhjálpari/kirkjuvörður:

Arndís Linn, farsími 866 8947, netfang: arndis.linn@kirkjan.is. Skrifstofa Arndísar er á annarri hæð

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir.

Runólfur Smári Steinþórsson er formaður sóknarnefndar. Heimasími hans er 566 7431

Á heimasíðu Lágafellssóknar, [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is), má sjá ýmislegt um dagskrá og starfsemi sóknarinnar.



# Helgihald í Mosfellsprestakalli haustið 2011

**28. ágúst. „Í túninu heima“**  
Lágafell kl. 11.00  
sr. Ragnheiður

**4. september. Upphaf vetrarstarfs**  
Lágafell kl. 11.00  
Fjölskylduguðspjónusta  
Báðir prestar  
Kirkjukaffi og -djús í  
safnaðarheimilinu

**11. september**  
Lágafell kl. 11.00  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Ragnheiður

**18. september**  
Lágafell kl. 20.00  
Kvöldguðspjónusta - Taize  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Ragnheiður

**25. september**  
Mosfell kl. 11.00  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Skírnir

**2. október**  
Lágafell kl. 11:00  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Skírnir

**9. október**  
Lágafell kl. 11.00  
Fjölskylduguðspjónusta  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Ragnheiður

**16. október**  
Lágafell kl. 11.00  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Skírnir

**23. október**  
Lágafell kl. 11.00  
Kvöldguðspjónusta - Taize  
Barnastarf kl. 13.00  
sr. Ragnheiður

**30. október**  
Mosfell kl. 11  
Barnastarf kl. 13.00  
sr. Skírnir

**6. nóvember. Allra heilagra messa.**  
Lágafell kl. 11.00  
Kyrrðarstund kl. 20. Látinna minnst,  
bæn, kyrrð og tónlist.  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Ragnheiður

**13. nóvember**  
Lágafell kl. 11.00  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Skírnir

**20. nóvember**  
Lágafell kl. 11.00  
Barnastarf kl. 13.00  
Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir

Barnastarfið er alltaf að Lágafelli.